

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundum 22.02.2018]

Starfskjarastefna þessi er sett í samræmi við starfskjarastefnu Orkuveitu Reykjavíkur og [eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur\(OR\)](#) frá 2014, en þar segir í grein 6.4.:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skal setja fyrirtækinu starfskjarastefnu sem felur í sér hófsemi varðandi laun- og starfskjör starfsfólks. Laun stjórnenda skulu standast samanburð við sambærileg störf, þó að teknu tilliti til þess að fyrirtækið er í eigu opinberra aðila. Launakjör stjórnenda og annars starfslíðs Orkuveitu Reykjavíkur skulu ekki vera leiðandi á vinnumarkaði.*

Stefnan miðar að því að starfskjör innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur séu samkeppnishæf, að það geti ráðið og haldið í hæft starfsfólk til að standa vörð um hlutverk fyrirtækisins. Starfskjarastefnan hefur langtímahagsmuni samstæðunnar að leiðarljósi, og skal stuðla að stöðugleika í rekstri og uppbyggingu þekkingar.

Á grundvelli framangreindra ákvæða byggir starfskjarastefna Orku náttúrunnar.

## 1. Starfskjör

Starfskjör í félaginu skulu vera samkeppnishæf við kjör í sambærilegum fyrirtækjum og að teknu tilliti til ákvæðis 6.4.3 í eigendastefnu OR. Launakerfi ON skal hafa jafnræði og gagnsæi að leiðarljósi og sambærileg laun skulu greidd fyrir sambærilegt vinnuframlag og árangur. Kynbundinn launamunur má ekki vera til staðar.

## 2. Framkvæmdastjóri

Stjórn ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans og endurskoðar árlega eftir því sem við á og með hliðsjón af 1. gr. starfskjarastefnunnar.

## 3. Annað starfsfólk félagsins

Framkvæmdastjóri ræður þá stjórnendur, sem heyra beint undir hann í skipuriti. Hann ákvarðar laun þeirra og endurskoðar þau reglulega í samræmi við 1. gr. starfskjarastefnunnar. Stjórnendur ráða annað starfsfólk og ákvarða laun þeirra og endurskoða þau, sömuleiðis í samræmi við 1. gr.

## 4. Starfslok

Ekki skal gera samninga við stjórnendur, sem fela í sér starfslokagreiðslur umfram skyldur þess samkvæmt lögum og kjarasamningum, nema með samþykki stjórnar.

## 5. Stjórn félagsins

- Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur sef. og Orkuveitu Reykjavíkur -eigna ohf. gerir árlega tillögu að stjórnarlaunum félagsins til samþykktar á aðalfundi á grundvelli starfskjarastefnu.
- Áður en til samþykktar kemur þarf forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur að upplýsa stjórn móðurfélagsins um tillöguna til að unnt sé að staðfesta samræmi hennar við stefnu móðurfélagsins.
- Stjórnarlaun í félaginu eiga ekki að vera leiðandi en þó samkeppnishæf að teknu tilliti til þess að fyrirtækið er í eigu opinberra aðila.

## 6. Upplýsingagjöf

Starfskjarastefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu félagsins fyrirtækisins. Gera skal árlega grein fyrir þóknun stjórnar og æðstu stjórnenda félagsins í ársreikningi fyrirtækisins. Einnig skulu koma fram greiðslur vegna stjórnarsetu eða annarra ytri verkefna sem tengjast beint starfi viðkomandi í félaginu.

## 7. Eftirfylgni, endurskoðun og samþykkt starfskjarastefnu

Starfskjarastefna félagsins er endurskoðuð reglulega til samræmis við starfskjarastefnu Orkuveitu Reykjavíkur.

*Samþykkt á fundi stjórnar félagsins þann 12.6.2014.*

## 8. Tilvísanir